

Reykjavík, 11. maí 2011

Velferðarráðherra,
Guðbjartur Hannesson
Hafnarhúsinu v/ Tryggvagötu
150 Reykjavík

Ályktun aðalfundar FAAS

Aðalfundur FAAS, haldinn 11. maí 2011 hvetur stjórnvöld til þess að setja nú þegar í gang undirbúning að stofnun nýrrar sérhæfðar dagþjálfunar fyrir fólk með heilabilun og lagt er til að næsta sérhæfða dagþjálfunin verði í Breiðholtinu, en öldruðum íbúum þess hverfis fjölgar nú hratt.

Greinagerð:

Sérhæfðar dagþjálfanir fyrir fólk með heilabilun hafa fyrir löngu sannað gildi sitt, auk þess að vera fjárhagslega hagkvæmt úrræði má seinka til muna þörf fyrir sólarhringsvistun á hjúkrunarheimili.

Biðlistar hafa lengst og hafa nú um margra mánaða skeið verið hátt í eitt hundrað.

Fh.stjórnar FAAS

Fanney Proppé Eiríksdóttir,